| **Eyðublað og leiðbeiningar vegna tillögu sveitarstjórnar að sérstökum skilyrðum fyrir úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2024/2025**<br><br>Til útfyllingar fyrir þau sveitarfélög sem óska eftir að senda inn tillögu að sérstökum skilyrðum.<br><br>Ef sveitarfélög óska ekki eftir að sérstök skilyrði verði sett þá er mælst til þess að matvælaráðuneytinu verði send yfirlýsing þess efnis. | |
|---|---|
| **Sveitarfélag:** | Grýtubakkahreppur |
| **Tillaga varðar hluteigandi byggðarlag/byggðarlög:** | Grenivík |
| **Dagsetning staðfestingar sveitarstjórnar á tillögu:** | 3. febrúar 2025. |
| **Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)** | |
| **Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)** | Vikið er frá viðmiðun við landaðan afla og ákvæðum um löndunarskyldu. |
| **Rökstuðningur varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)** | Á Grenivík er nánast engum afla landað, en á staðnum eru tvær fiskvinnslur sem vinna árlega úr á bilinu 3 til 4 þúsund tonnum af bolfiski. Öllum afla er landað annarsstaðar og keyrt til vinnslu á Grenivík. Því verður að víkja frá reglugerð með ofangreindum hætti ef einhver eðlileg viðmiðun á að nást. |
| **Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)** | |
| **Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)** | Bókun sveitarstjórnar á fundi 3. febrúar 2025:<br>**5. Frá matvælaráðuneyti, úthlutun byggðakvóta, dags. 22. jan. 2025.**<br>Með bréfi Matvælaráðuneytis dags. 22. janúar 2025, er boðuð úthlutun byggðakvóta fiskveiðiárið 2024/2025 ásamt eftirstöðvum frá fiskveiðiárinu 2023/2024 og koma 161,178 þorskígildistonn í hlut Grýtubakkahrepps. Jafnframt er óskað eftir sérreglum sveitarstjórna og bókar sveitarstjórn Grýtubakkahrepps eftirfarandi er varðar sérreglur við úthlutun byggðakvóta í sveitarfélaginu;<br><br>Þar sem afla Grenivíkurbáta er almennt landað annarsstaðar og ekið til vinnslu á Grenivík, samþykkir sveitarstjórn að eftirfarandi sérreglur gildi um úthlutun byggðakvóta hreppsins:<br><br>**1/3 hluta kvótans skal deila jafnt milli þeirra skipa sem sækja um byggðakvóta og eiga heimahöfn í Grýtubakkahreppi.**<br><br>**2/3 hlutum kvótans skal skipta í hlutfalli við úthlutað aflamark sömu skipa fiskveiðiárið 2024/2025**<br><br>Að öðru leyti fer eftir reglugerð um úthlutun byggðakvóta nr. 818/2024 og lögum um stjórn fiskveiða. |
| **Rökstuðningur varðandi breytingu viðmiðunar um** | Sjá rökstuðninga að ofan. Þau skip sem eru með umtalsvert aflamark landa almennt ekki á Grenivík, en einnig er tekið tillit til smábáta sem hafa t.d. |

| | |
|---|---|
| **úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)** | verið á strandveiðum og grásleppuveiðum en eru kvótalitlir eða án kvóta að öðru leyti. Með þeirri reglu sem sveitarstjórn hefur miðað við er farinn millivegur um úthlutun þannig að allir útgerðaraðilar á staðnum hafi möguleika. Þessi regla hefur verið viðhöfð óbreytt um árabil og má segja að ríki um sæmileg sátt. |
| **Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)** | |
| **Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)** | Fallið er frá löndunarskyldu. |
| **Rökstuðningur varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)** | Sjá fyrri rökstuðning. |
| Tillögur sveitarstjórnar sendist rafrænt til matvælaráðuneytis á tölupóstfangið mar@mar.is. | |